

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

46. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn þriðjudaginn 8. nóvember 2022 og hófst hann klukkan 14:00. Fundurinn var fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu fh. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Marías Ben. Kristjánsson. Fh. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Arnbjörg Stefánsdóttir boðaði forföll.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Greiðslur vegna umsjónar með útibúi/starfsstöð – Málsnr. 2211007SA

Að ósk SÍ er tekið upp mál er lítur að túlkun aðila á greiðslum fyrir útibúi/starfsstöðvar og hvort greiddur sé einn launflokkur að hámarki hvort sem starfsstöðvar eru ein eða fleiri út frá orðalagi ákvæðisins. Í kjarasamningi gr. 1.3.4 segir:

„1.3.4. Útibúi / starfsstöð frá skóla.

Hafi skólastjóri umsjón með útibúi/starfsstöð sem staðsett er í öðru byggðarlagi/hverfi tekur hann röðun einum launaflokki ofar en ella. Sama skal gilda um aðstoðarskólastjóra og/eða deildarstjóra sem stjórna þeim kennslustöðum sem um ræðir.“

Í ákvæðinu er talað um starfstöð í eintölu (útbúi/starfsstöð sem staðsett er í öðru byggðarlagi/hverfi) eins og ekki sé gert ráð fyrir því að starfstöðvarnar geti verið fleiri. Að mati SÍ ætti ákvæðið að vera þannig orðað að útibúi/starfstöð sé skrifað í fleirtölu ef einungis á að greiða einn launaflokk fyrir umsjón með fleiri en einni starfstöð.

Niðurstaða:

Málið rætt.

2. Mat á tölvukennaranámi frá Rafiðnaðarskólanum til persónuálags – Málsnr. 2211008SA

SÍ óskar eftir því að samstarfsnefnd taki til skoðunar hvort meta eigi tölvukennaranám frá Rafiðnaðarskólanum til persónuálags skv. grein 1.3.6. í kjarasamningi aðila. Í erindi sínu vísar SÍ til fundargerðar 12. fundar samstarfsnefndar KÍ og Launanefndar sveitarfélaga vegna félags grunnskólakennara en þar var eftirfarandi ákveðið:

„Í samræmi við samkomulag menntamálaráðuneytisins, KÍ, HÍK og Rafiðnaðarskólans frá 2. mars 1998 skal meta tölvukennaranám úr Rafiðnaðarskólanum („Ertu eða viltu verða tölvukennari?“) til launa til jafns við 22 eininga (44 ECTS) háskólanám. Það uppfyllir þar af leiðandi skilyrði greinar 1.3.3 um sérhæft viðbótarnám.“

Skv. sameiginlegum leiðbeiningum samningsaðila sem kynntar voru við upptöku persónuálags vegna viðbótarmenntunar árið 2018 var eftirfarandi skýring meðal annars sett fram um takmörk þess hvaða nám teljist til viðbótarnáms skv. gr. 1.3.6 en í leiðbeiningunum segir m.a. um þetta atriði:

„Skilyrði fyrir mati á viðbótarnámi til persónuálags skv. nýjum menntunarákvæðum er að námið hafi verið ECTS einingabært og hafi verið stundað við háskóla sem hefur/hafði starfsleyfi sem slíkur.

Ekki skal meta til jafngildis við ECTS einingar nám sem lokið er við önnur skólastig en háskóla eða nám sem lokið er við þá skóla sem teljast forverar háskólanáms.“

Jafnframt segir í þriðju málsgrein greinar 1.3.6.: „Einungis er metið einingabært nám við innlenda og erlenda háskóla sem hafa starfsleyfi sem háskólar.“

Niðurstaða:

Skv. leiðbeiningum samningsaðila og gildandi kjarsamningi er nám við Rafiðnarskólann ekki metið til persónuálags. Annarsvegar var náminu ekki lokið við viðurkenndan háskóla sem hafði/hefur starfsleyfi sem slíkur og hinsvegar er ekki samkomulag milli aðila um að meta skuli nám frá skólum sem ekki eru háskólar jafngilt háskólanámi. Til áréttingar er tölvukennaranám frá Rafiðnarskólanum ekki metið skv. ákvæðum kjarasamninga FG, FL og FSL um persónuálags vegna viðbótarmenntunar.

3. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14:30.